

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forsetaúrskurðar um skiptingu starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga og reglugerða um Stjórnarráð Íslands, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

**Jóhanna Sigurðardóttir** fer með forsætisráðuneytið.  
**Steingrímur J. Sigfússon** fer með fjármálaráðuneytið.  
**Össur Skarphéðinsson** fer með utanríkisráðuneytið.  
**Katrín Jakobsdóttir** fer með mennta- og menningarmálaráðuneytið.  
**Jón Bjarnason** fer með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.  
**Katrín Júlíusdóttir** fer með iðnaðarráðuneytið.  
**Árni Páll Arnason** fer með efnahags- og viðskiptaráðuneytið.  
**Svandís Svavarsdóttir** fer með umhverfisráðuneytið.  
**Ögmundur Jónasson** fer með innanríkisráðuneytið.  
**Guðbjartur Hannesson** fer með velferðarráðuneytið.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. janúar 2011 og með honum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

*Forsætisráðuneytinu, 31. desember 2010.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*